

K

K1



Það eru fjölmargar leiðir til að útbúa kross úr þvottaklemmum. Láttu ímyndunaraflið taka völdin og byrjaðu að skapa.

F

F1



Borðið morgunverð saman og skipuleggið verkefni dagsins sem fjölskylda.

U

U1



Öll á heimilinu undir 16 ára aldri eiga að setjast saman, semja leikrit og flytja fyrir aðra í fjölskyldunni.

M/K

M/K1



Skoðið góðgerðarsamtök á Íslandi, finnið verkefni sem þið viljið styrkja og ákveðið hvernig þið ætlið að styðja við verkefnið.



Páskabingó KFUM og KFUK

Framundan eru páskar þar sem við munum öll ferðast innanhús. KFUM og KFUK hvetur alla fjölskylduna til uppbyggjandi og skemmtilegrar samveru yfir heimahátíðina.

Hér eru tólf verkefni fyrir alla fjölskylduna til að leysa saman yfir páskana. Þegar þið hafið lokið við allt bingóspjaldið hvetjum við þig að senda okkur kveðju með myndum af verkefnunum á netfangið fjarfjor@kfum.is. Á sumardaginn fyrsta verður dregið úr innsendum kveðjum og ein fjölskylda sem skilar bingóspjaldinu útfylltu fær frímiða fyrir alla fjölskylduna á Sæludaga í Vatnaskógi í sumar.

K - Kristilegi þátturinn hefur það að markmiði að efla trúarþroska. Fræðsla um kristna trú og gildi er órjúfanlegur þáttur í starfi KFUM og KFUK.

F - Við erum frjáls félagasamtök. Með félagsmálafræðslu gerum við þátttakendur hæfari til að koma fram og sinna félagsmálum.

U - Við erum æskulýðshreyfing. KFUM og KFUK býður upp á fjölbreytt starf fyrir börn og ungmennt.

M/K - Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við viljum styrkja og efla sjálfsmynd, frumkvæði og áráðni einstaklingsins, og taka virkan þátt í góðum verkefni öllum til heilla.

K2



Setjast saman í hring og deilið einhverju sem þið hafið áhyggjur af, einhverju sem gleður og einhverju sem þið vonist eftir. Biðjið Guð um að vera með í öllu sem þið nefnið.

F2



Nú væri ráð fyrir fjölskylduna til að setjast niður saman og útbúa sanngjarnar reglur um netnotkun og samfélagsmiðla fyrir **ALLA** fjölskylduna.

U2




Spilið saman með hefðbundnum spilum, t.d. veiðimann eða Olsen Olsen.

M/K2



Gefið ykkur tíma og hringið saman til eldri ættingja sem eru í sjálfsskipaðri sóttkví eða búa á hjúkrunarheimili.

K3



Hægt er að hlusta saman á Páskafrásöguna í 20. kafla Jóhannesarguðspjalls í hljóðbók Biblíufélagsins. Hægt er að nálgast hana á: www.kfum.is/upprisa.

F3



Finnu í sameiningu kvikmynd sem öll fjölskyldan vill horfa á saman. Finnið til smá poppkorn eða heilsusnakk til að borða yfir myndinni.

U3



Öll fjölskyldan þarf að læra „Daða“-dansinn og útbúa 30 sekúndna dansmyndband þar sem allir taka þátt.

M/K3

Skrifið nöfn allra á miða. Ruglið miðunum og dragið (enginn má draga sinn miða). Skrifnið 3 jákvæð lýsingarorð um þann sem á miðann sem þið dróguð. Afhendið hverjum sinn miða og talið saman um orðin sem þið skrifuðu.